

## Samþykktir SSNV

### Breytingartillaga

Uppfærðar samþykktir SSNV voru samþykktar árið 2020. Það er því ekki langur tími síðan að samþykktir SSNV voru vel yfirfærðar. Eftir breytingar sem upp komu á tilhögun stjórnar SSNV haust 2022 þótti ástæða til að endurskoða grein 4.4 sem snýr að skipum stjórnarmanna í stjórn SSNV.

Málið var tekið fyrir á fundi stjórnar SSNV þann 7. mars 2023 þar sem stjórn SSNV vísar breytingartillögu til 31. Ársþings SSNV. Tillaga á við grein 4.4 sjá nánari lýsingu hér að neðan.

### **Grein 4.4 eins og hún stóð í samþykktum**

4.4 Ef aðalmaður eða varamaður í stjórn eða nefnd fellur frá eða flytur burt úr landshlutanum á kjörtíma sínum, skal á næsta ársþingi kjósa í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímanum.

### **Breytingartillaga til umfjöllunar vísað til Ársþings SSNV**

4.4 Tillaga um breytingu:

Ef aðalmaður eða varamaður þurfa að láta óvænt af störfum í stjórn eða nefnd á kjörtíma sínum er viðkomandi sveitarfélagi sem fulltrúann á, heimilt að samþykkja í sveitastjórn nýjan aðila í hans stað og tekur hann þá umsvifalaust sæti þess sem fór og gildir það fram að næsta ársþingi þegar kosið verður um stjórn/nefnd samkvæmt samþykktum SSNV.

Tillaga samþykkt.